# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2021**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

2. tölul. A liðar 48. gr. breytist og orðast svoverður svohljóðandi:

"*Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd*: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, og tónlistarskóla samkvæmt lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamningum sem gilda um rekstur tónlistarskóla hverju sinni. Einnig fer nefndin með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni. Þá fer nefndin með verkefni íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu, þar með talið eftirlit með íþróttamannvirkjum en þau eru rekin af Eignasjóði, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Nefndin skal stuðla að samstarfi í íþróttamálum m.a. með nánu samstarfi við Héraðssamband Vestfirðinga. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi."

3. tölul. A liðar 48. gr. fellur brott, og færast aðrir töluliðir A liðar upp sem þessu nemur.

4. tölul. A liðar 48. gr. breytist á þann hátt að fyrir síðaustau málsliðgrein bætist eftirfarandi:

"Þá fer nefndin með verkefni skv. reglugerð 907/2005, sbr. breytingareglugerð nr. 409/2023, og síðari breytingar, varðandi daggæslu barna í heimahúsum."

~~3. tölul. A liðar 48. gr. fellur út, og færast aðrir töluliðir A liðar upp sem þessu nemur.~~

7. tölul. C liðar orðast svo:

„Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.“

8. tölul. C liðar orðast svo:

„Melrakkasetur Íslands ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.“

9. tölul. C liðar orðast svo:

Kaplaskjól ehf.: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.

10. tölul. C liðar orðast svo:

Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag: Bæjarráð veitir umboð til að sækja aðalfund félagsins og fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi. Í því umboði felst að jafnaði að viðkomandi geti boðið sig fram í stjórn félagsins og tekið þar sæti nái hann kjöri á aðalfundi.

**Athugasemd [ÓSJ1]:** • Eru þetta nýir töluliðir við C-lið?
•Hverjum hér er veitt umboð og hve mörgum?
•Er ekki kveðið á um í samþykktum þessara félaga hvernig stjórnin skuli skipuð?
•Á þetta að vera verkefni bæjarráðs? Hefur bæjarráði verið veitt heimild til að veita umboð?

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2024.